

fjárlaganna fyrir 1886 og 1887 (Alp.tíð. 1885, C. bls. 30. við A. b. 4.) er einmitt gjört ráð 142 fyrir því að úr þessari misfelli á lögunum verði bætt við úthlutunina á fje því, sem 30. nóv. veitt er í fjárlaganna 13. gr. A. b. 6.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 143
tollgjald af vínföngum sem brúkuð eru sem skipsforði á fiskiskipum. — Með þókn- 1. des
anlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu og þar með fylgjandi erindi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar á Geirseyri með fylgiskjölum, þarsem kaupmaður þessi sækir um, að fá endurgoldnar 125 kr. 70 a. sem toll af brennivíni og öli, sem fluttst hafi til Patreksfjarðar með skipinu «Guðrún», en verið, hvað brennivínið snertir, skipað úr þessu skipi út í 3 fiskiskip til að notast þar sem skipsforði á fiskiveiðum þeirra hjer við landið, og hvað ölið snertir verið haldið eptir af skipstjóranum á «Guðrún» til að notast sem skipsforði á þessu skipi.

Útaf þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að þau ein vínföng eru tollfrjáls
samkvæmt lögum, sem skipshöfnin á því skipi, sem vínföngin flutti hingað til landsins,
hafið meðferðis sem skipsforða, þá getur beiðni Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar
eigi tekizt til greina.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skipt- 144
ingu Jökuldals- og Hlíðarhrepps í 2 hreppa. — Með þókn- 1. des.
anlegu brjefi, dagsettu 25. október þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Norð-
ur-Múlasýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu og eptir ósk
hreppsnefndarinnar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi fer þess á leit, að hreppi þessum verði
skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitar-
stjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppaskiptingu þessa á þann hátt,
sem óskað er eptir.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Jökuldalshreppur og Hlíðarhreppur, og skulu takmörkin milli hinna nýju hreppa norðvestanmegin Jökulsár vera landamerkin milli Haukstaða og Fossvalla, og allur sá hluti hins sameinaða hrepps, sem er fyrir suðaustan ána, vera í Jökuldals- hreppi.
2. Öllum eignum — að meðtöldum kristfjárförðunum Fossvöllum og Ketilsstöðum — skuldum og sveitarþingslum hins núverandi Jökuldals- og Hlíðarhrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjáríundarinnar til fátækra- og sveitarútsvaranna hin síð-
ustu 5 fardagaár 1881—86 eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig, og þannig að hreppsnefndin í Jökuldalshreppi hafi byggingarráðin á Fossvöllum en hreppsnefndin í Hlíðarhreppi byggingarráðin á Ketilsstöðum. Eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþingslum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingaðtil hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.